



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 24.11.2010
Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum, þingskjal 109 – 102. mál

Eitt af markmiðum raforkulaga nr. 65/2003 var að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna.

Landsvirkjun hefur á síðustu misserum lagt áherslu á að hefja orkunýtingu á jarðhitasvæðum í Þingeyjarsýslum við fyrstu hentugleika og í því skyni lagt verulega fjármuni í rannsóknir og kaup á hlutum í orkufyrirtækinu Þeistareykjum ehf. Hagsmunir Landsvirkjunar af því að ná viðunandi orkusölusamningum við líklegan orkukaupanda eru því verulegir. Landsvirkjun hefur verið í viðræðum við líklega orkukaupendur, sem áhuga hafa á að vera með starfsemi í Þingeyjarsýslum, og orðið var við talsverðan áhuga margra aðila á að gera orkusölusamninga og setja upp orkukrefjandi starfsemi í nágrenni jarðhitasvæðanna.

Út frá hagsmunum Landsvirkjunar sem orkufyrirtækis er afar óheppilegt og í raun í andstöðu við fyrrnefnt markmið raforkulaga, að ríkisstjórnin hlutist til um það við hverja verði samið um orkukaup að rafmagni frá jarðgufuvirkjunum í Þingeyjarsýslum. Hlutverk stjórnvalda hlýtur að vera fyrst og fremst að skapa aðlaðandi aðstæður fyrir orkukrefjandi starfsemi í nágrenni jarðgufusvæðanna og miðast við almenn atriði sem gagnist slíkum orkukaupendum með almennum hætti, en ekki sjálf að ganga til samninga við ákveðna nafngreinda aðila á raforkumarkaði sem opinn er fyrir samkeppni.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson
forstjóri